

Geðhjálpar skorar á DV að virða siðareglur

Segja blaðið hafa aukið þjáningu sjúklinga og aðstandenda

STJÓRN Geðhjálpar skorar á DV að virða siðareglur blaðamanna og lýsir vanþóknun og furðu á umfjöllun blaðsins um einkamál geðsjúkra einstaklinga. Telur stjórnin að með niðrandi, tilhæfulausum og tillitslausum skrifum og myndbirtingum hafi blaðið aukið þjáningu sjúklinga og aðstandenda þeirra.

„Við munum ekki sitja bara hjá og horfa upp á þetta aðgerðalaust. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að breyta þessu, enda myndum við ekki standa undir nafni sem hagsmunasamtök geðsjúkra á Íslandi ef við gerðum það ekki,“ segir Sigursteinn Mátsson, formaður Geðhjálpar.

Hann segir, aðspurður um til hvaða aðgerða Geðhjálpar hyggist grípa, að nokkrir möguleikar séu í stöðunni. „Það eru dómstólar í landinu sem við eigum að geta treyst á. Við getum auðvitað leitað eftir ákveðinni samstöðu í samfélaginu um það að koma í veg fyrir að bágindi geðsjúkra séu aflutt eins og gert hefur verið í þessu blaði og þeir gerðir að sakamönnum. Í blaðinu hefur ítrekað verið ruglað saman geðheilbrigðismálum og sakamálum og mjög veikt fólk gert að sakamönnum.“

Vel er hugsanlegt að leitað verði til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands, en Sigursteinn bendir á að á síðasta ári hafi úrskurður siðanefndarinnar um alvarlegt brot DV á siðareglunum verið að engu haft á blaðinu, og það raunar notað sem tilefni til að rifja upp umfjöllun blaðsins um málið, og þar með haft þveröfug áhrif við það sem vonir hafi staðið til.

Veigra sér við að kæra til siðanefndar

„Það hefur valdið því að einstaklingar hafa veigrað sér við að kæra fréttaflutning þessa blaðs til siðanefndarinnar,“ segir Sigursteinn. Með hliðsjón af stöðu skjólstæðinga Geðhjálpar, sem geti ekki varið sig sjálfir, þá sé ekki farið með mál í siðanefndina án þess að vita að það muni hafa áhrif á fréttaflutning í DV.

Sigursteinn höfðar til sómakennar hjá blaðamönnum á DV, og skorar á Blaðamannafélag Íslands að láta þetta mál til sín taka. „Þetta snýst ekki bara um þá blaðamenn sem eru á DV, þetta snýst líka um blaðamannastéttina og sómakennnd hennar, að það séu ekki þessi skemmdu epli að skemma fyrir blaðamönnum í landinu.“